# Klifur

Fréttablað Sjálfsbjargar, 1. tbl. 2006, 17. árg.



## Slæmt aðgengi í bíó





Þjóðleikhúsið

## Lyftur og rampar

# Salerni fyrir fatlaða notuð sem geymslur!

Stuðlum að frelsi til ferða
Hjálparliðasjóður



















# Efnisyfirlit:


| | |
|---|---|
| **Ritstjóraspjall** | 3 |
| **Salerni fyrir fatlaða** | |
| - Læst og notuð sem geymslur | 5 |
| **Hjálparhundar** | |
| - Hundanefnd Sjálfsbjargar | 6 |
| **Bílastæði fyrir fatlaða** | |
| - Enn mikið misnotuð | 7 |
| **33. þing Sjálfsbjargar** | |
| - Haldið 19.-21. maí | 8 |
| **Málefni fatlaðra og sveitastjórnarkosningar** | |
| - Ragnar Gunnar Þórhallsson | 9 |
| **Skýrsla um heimaþjónustu** | |
| - Þörf á meiri sveigjanleika | 11 |
| **Lyftur og rampar** | |
| - Þjóðleikhúsið | 12-13 |
| **Aðgengi fyrir alla** | |
| - Ferðaþjónusta bænda | 16-17 |
| **Nýjar lyftur í skólahúsnæði** | |
| - Húsavík | 20 |
| **Formannspistill** | |
| - Grétar Pétur Geirsson | 21-22 |
| **Ferlinefnd Kópavogs** | |
| - Viðtal við Helgu Skúladóttur | 24-25 |
| **Slæmt aðgengi fyrir fatlaða** | |
| -Laugarásbíó | 27 |
| **Krossgátan** | 31 |

# Klifur

Fréttablað Sjálfsbjargar

**Útgefið af:**
Sjálfsbjörg landssambandinu og Sjálfsbjörg, félagi fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu.

**Sjálfsbjörg, landssambandið:**
Hátún 12, 105 Reykjavík
sími: 550-0300, fax: 550-0399
mottaka@sjalfsbjorg.is

**Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu:**
Hátún 12, 105 Reykjavík
sími: 551-7868
johanna@sjalfsbjorg.is

**Ritstjóri:**
Kristrún M. Heiðberg.

**Ábyrgðarmenn:**
Sigurður Einarsson
Hannes Sigurðsson.

**Hönnun og umbrot:**
Kristrún M. Heiðberg.
kmheidberg@simnet.is

**Prentvinnsla:**
Prentmet ehf.

ISSN 1670-312X




*Forsíðumyndin er af Arnari Klemenssyni, sem er í hjólastól. Hann gerði sér lítið fyrir og fór niður allar tröppurnar fyrir framan kirkjuna á Akureyri. Mynd/Ása Hildur Guðjónsdóttir.*

# Ritstjóraspjall

Fyrsta tölublað Klifurs 2006 er nú komið út. Blaðið hefur tekið miklum og jákvæðum breytingum á síðastliðnum árum. Á síðasta ári var það stækkað um fjórar síður og er nú allt prentað í lit. Vonandi á það enn eftir að stækka og eflast. Blað sem þetta gegnir mikilvægu hlutverki í baráttu hreyfihamlaðra fyrir bættum hag. Það fræðir og upplýsir um það helsta sem er að gerast í málefnum þessa hóps, auk þess að benda á það sem betur má fara. Og því miður er enn nóg af dæmum þar sem ekki hefur verið staðið nógu vel að málum.

Eins og greint er frá í blaðinu fór ritstjóri Klifurs ásamt ungum manni í hjólastól á skemmtistað í Kópavogi. Grunur lék á því að salernið þar á bæ, sem ætlað var fötluðum, væri notað sem víngeymsla. Og því miður reyndist það rétt. Eigandinn brást illa við heimsókninni. En þetta er ekki eina dæmið þar sem þetta er gert. Sjálfsbjörg hefur fengið fjölmargar kvartanir vegna þessa og spurning hvernig verður tekið á málum.

Breytingarnar á Laugarásbíói hafa fallið í grýttan jarðveg hjá hreyfihömluðum. Brattir stigar skapa hættu, ekki aðeins fyrir hreyfihamlaða heldur líka börn og eldra fólk. Eftir breytingarnar þurfa hreyfihamlaðir ennþá að fara inn bakdyramegin og sitja nánast með nefið upp við sýningartjaldið. Maður hefði ætlað að fyrst á annað borð var farið út í miklar og kostnaðarsamar breytingar þá yrði staðið myndarlega að málum og boðið upp á bíó fyrir alla. Laugarásbíó hreykir sér af því að vera með besta hljóðkerfið á landinu, en það er til lítils ef gestirnir komast ekki í salinn. Forsvarsmenn kvikmyndahússins segja að þetta hafi verið eini möguleikinn í stöðunni. Það efast ég stórlega um, enda



hægt að finna ýmsar góðar lausnir ef vilji er fyrir hendi. Bendi þeim á handbókina Aðgengi fyrir alla, sem nú er aðgengileg á netinu www.rabygg.is/adgengismal. Einnig er tengill á vefsíðu Sjálfsbjargar.

Þjóðleikhúsið hefur aldeilis tekið breytingum hvað aðgengi varðar. Þar er raunverulegur vilji til að laga hlutina. Í blaðinu er greint frá breytingunum í máli og myndum. Frábært framtak og á Tinna þjóðleikhússtjóri hrós skilið fyrir að taka á þessu máli af krafti.

Sveitastjórnarkosningar eru á næsta leyti. Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar lsf, ritar grein um það í blaðinu. ,,Stjórnmálaflokkar og frambjóðendur í hinum mörgu sveitarfélögum á landinu keppast við að lýsa yfir áherslum sínum og loforðum. Þegar á heildina er litið virðast málefni fatlaðra íbúa sveitarfélaga vera lítið til umfjöllunar og aftarlega í forgangsröðuninni. Hér þurfa að koma til algjör umskipti.“ Tek undir þessi orð hans.

Ég ítreka enn og aftur við lesendur blaðsins að láta í sér heyra þegar þeir verða varir við eitthvað sem betur má fara, og sérstaklega þegar þeir finna svarta sauði eins og þá sem nota salerni fatlaðra fyrir geymslur. En það má ekki gleyma því sem vel er gert. Það á að sjálfsögðu líka fullt erindi í blaðið.

*Kristrún M. Heiðberg, ritstjóri.*

Sænskur sjónvarpsþáttur:

# Fékk viðurkenningu Norræna fötlunarráðsins

Þáttastjórnandinn Jonas Franksson, sem er með spastíska lömun (Cerebral Parese eða CP), vann fyrir stuttu til viðurkenningar „Nordiska Handikappolitiska Rådet“ (NHR) fyrir sjónvarpsþátt sinn „CP-Magasinet“ í sænska ríkissjónvarpinu. Jonas er aðalstjórnandi þáttarins ásamt ófötluðum þáttagerðarmanni. Þrír aðrir sem koma að gerð þáttanna eru sjóndapr-ir, tveir eru með CP og nokkrir eru með ýmsar tegundir af ofnæmi. Verðlaunin voru veitt í árlegri samkeppni NHR, sem að þessu sinni snerust um „sjónvarp sem upplýsir“ (TV som synliggör). Við afhendingu viðurkenningarinnar sagði Ole Stavad, formaður NHR meðal annars: „Viðurkenningin „sjónvarp sem upplýsir“ leggur áherslu á hið lýðræðislega samfélag og þau gildi sem við viljum halda í heiðri á Norðurlöndum, nefnilega virðingu fyrir fjölbreytileika og því sem er ólíkt með fólki. Það er ánægjulegt að sjónvarpsþáttur sé upplýsandi og sýni fjölbreytileika mannfólksins.“



*Þáttastjórnandinn Jonas Franksson, Mynd/sht.*

Formaður dómnefndar, Karen Klint, sagði þegar viðurkenningin var afhent í þinghúsinu í Kaupmannahöfn að „CP-Magasinet ýtti við fólki og notaði grín sem vopn gegn fordómum. Þátturinn setur fram spurningar sem enginn annar þorir að spyrja og lýsir því hvernig fólk með fötlun fæst við ýmsa erfiða þætti samfélagsins, sem aðrir leiða ekki hugann að. Þær hindranir sem fólk með fötlun þarf að fást við, lýsa allt í einu fáránleika samfélagsins. Aðgengi birtist í þættinum sem sjálfsögð krafa í lýðræðislegu þjóðfélagi þannig að allir skilja.“

Í keppnina bárust 32 tilnefningar frá öllum Norðurlöndum. Í flestum tilfellum bentu þær á einn eða annan hátt á vandamál sem fólk með mismunandi fötlun þarf að glíma við til að geta tekið þátt í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli.

*-se.*

## Næsti skiladagur fyrir efni í Klifur

Þeir sem vilja koma efni að í næsta Klifri, sem kemur út í júní, er bent á að hafa samband við Kristrúnu M. Heiðberg ritstjóra fyrir 15. maí. Einnig er tekið við ábendingum um áhugavert efni sem viðkemur málefnum Sjálfsbjargar. Aðildarfélög Sjálfsbjargar eru sérstaklega hvött til að senda greinar eða myndir frá starfinu. Endilega látið í ykkur heyra.

Hægt er að hafa samband við Kristrúnu í síma 587-4798, 898-3098, eða í kmheidberg@simnet.is.

www.sjalfsbjorg.is

## Ert þú með ógreindan vöðvasjúkdóm?

Ert þú með ógreindan vöðvasjúkdóm? Ef svo er þá gæti umræðuhópur fólks með ógreinda vöðvarýrnunarsjúkdóma hentað þér?

Samkvæmt upplýsingum frá Landlæknisembættinu eru ekki til neinar upplýsingar innan embættisins um fjölda einstaklinga sem ekki hafa fengið greiningu á sínum vöðvarýrnunarsjúkdómi.

Að lifa með ógreindan vöðvarýrnunarsjúkdóm, þverfagleg þjónusta í heilbrigðiskerfinu, eftirfylgni og rannsóknir eru spurningar sem brenna á mörgum.

Markmið með umræðuhópi af þessu tagi er fyrst og fremst að hafa vettvang fyrir umræður, fræðslu, hugmyndir og stuðning.

Er einhver annar eins og ég með samskonar sjúkdóm? Hvernig gengur honum að takast á við lífið? Áhugasamir geta haft samband við Arndísi Guðmundsdóttur, félagsmálafulltrúa Sjálfsbjargar, í síma 550-0300 eða netfang: felagsmal@sjalfsbjorg.is og hún mun miðla upplýsingum til Kolbrúnar Daggar Kristjánsdóttur, sem sjálf er með ógreindan vöðvarýrnunarsjúkdóm og mun halda utan um starf hópsins.

Þið eruð hjartanlega velkomin í vöðvahópinn innan Sjálfsbjargar sem hefur það að leiðarljósi að efla og styrkja fólk til sjálfsbjargar.

Salerni fyrir fatlaða:

# Læst og notuð sem geymslur

**Nokkuð hefur borið á því að skemmtistaðir, kaffihús o.fl. staðir noti salerni fyrir fatlaða sem geymslur.**

Blaðamaður Klifurs fór á stúfana til að kanna þetta mál. Með honum í för var ungur maður í hjólastól. Fyrir valinu var skemmtistaðurinn Players í Kópavogi, sem kvartað hefur verið yfir vegna þess að þar hefur salernið fyrir fatlaða verið notað sem víngeymsla. Við vorum mætt á staðinn um kl. 14 á laugardegi. Salernið var læst og því fórum við og báðum um lykil. Því var vel tekið af eiganda staðarins. Hann náði í lykilinn og opnaði. Og viti menn, salernið var fullt af pappakössum og drasli. Eigandinn byrjaði að stafla því út, sallarólegur, eins og þetta væri bara dagleg rútína. Þegar blaðamaður Klifurs byrjaði að taka myndir brást hann hins vegar ókvæða við og spurði hvað þetta ætti eiginlega að þýða. Hann sagði þetta „óréttlátt þar sem þessi mál væru annars alltaf í lagi, og alltaf þegar eftirlitið kæmi á staðinn!“ Þegar við spurðum hann hvers vegna salernið hefði verið læst, svaraði hann því til að það væri vegna þess að það væri „misnotað af ófötluðu fólki.“

Einn viðmælandi Klifurs frétti af konu í hjólastól sem fór á skemmtistað og þurfti að fara á salernið. „Salernið fyrir fatlaða var læst og sagt að það væri bilað. Hún komst ekki inn á kvennasalernið þar sem dyragættin var of þröng fyrir hjólastólinn. Dyravörðurinn bauð henni þá að fara á karlaklósettið! Aumingja konan var alveg í spreng og sá sér ekki annað fært en að taka þessu ömurlega boði. Dyravörðurinn rak því alla karlmennina út af karlasalerninu og beið í gættinni eftir að konan lyki sér þar af. Þvílík niðurlæging.“



*Hér má sjá einn af eigendum skemmtistaðarins Players stafla út pappakössum og drasli af salerni ætlað fötluðum. Mynd/kmh.*

> Hann sagði þetta „óréttlátt þar sem þessi mál væru annars alltaf í lagi, og alltaf þegar eftirlitið kæmi á staðinn!“

„Við höfum heyrt töluvert kvartað undan þessu og það er í raun ótrúlegt að eigendum staða skuli detta í hug að nota þessi salerni fyrir geymslur,“ segir Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, varaformaður Sjálfsbjargar. „Samkvæmt byggingareglugerð verða samkomuhús, leikhús, veitingahús og kvikmyndahús að vera með a.m.k. eitt salerni fyrir fólk í hjólastól. Sama á við um opinberar byggingar, skrifstofur og aðra vinnustaði þar sem gert er ráð fyrir að fleiri en tíu manns vinni. Það er ljóst að víða er pottur brotinn. Mörg veitingahús eru með aðgengileg salerni en hins vegar er aðgengi að þeim oft vandamál. Sum staðar eru salerni fyrir fatlaða í kjallara í lyftulausu húsi og eigendurnir virðast telja það viðunandi. Þetta á sérstaklega við um gömul hús. Það er algerlega óviðunandi að salerni fyrir fatlaða séu notuð sem geymslur. Ljóst er að setja þarf viðurlög við slíkum brotum.“

*-kmh.*

Aðgengi fyrir alla

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

NÓATÚN

# Hundanefnd Sjálfsbjargar

Í nágrannalöndum okkar er algeng sjón að sjá fatlað fólk með hjálparhunda. Hér á landi hafa þjónustuhundar, eins og þeir eru kallaðir, verið þjálfaðir af Auði Björnsdóttur, sem er ein af fáum Íslendingum sem hefur menntað sig til þess að þjálfa slíka hunda. Yfirleitt eru hjálparhundar aðeins notaðir fyrir fullorðna, en Auður þjálfaði hund (Trygg) fyrir hreyfihamlaðan son sinn með góðum árangri. Aðeins tveir hundar hafa verið þjálfaðir fyrir hreyfihamlaða einstaklinga, þ.e. son Auðar og Harald Sigþórsson (Tinni) sem starfar sem verkfræðingur hjá Línuhönnun. Þess má geta að tveir hundar eru í þjálfun þessa dagana hjá Auði.

Sjálfsbjörg, lsf. hafði samband við Harald þegar hann kom fram opinberlega og sagði frá þeim mikla kostnaði sem felst í að þjálfa og eignast hjálparhund. Ef litið er á hund eins og önnur hjálpartæki, ætti að teljast eðlilegt að Tryggingastofnun ríkisins niðurgreiddi kostnaðinn að hluta. Segja má að hundurinn sé meira en hvert annað hjálpartæki, þar sem hann getur leyst alls kyns verkefni sem lögð eru fyrir hann. Sem dæmi um það má nefna að Tinni opnar og lokar hurðum, hjálpar Haraldi úr buxum og sokkum, nær í hluti, slekkur og kveikir ljós og margt fleira.

Stofnuð var nefnd innan Sjálfsbjargar, lsf. í kjölfar þessa sem vinnur meðal annars að því að hjálparhundar verði viðurkenndir af hinu opinbera sem hjálpartæki fyrir hreyfihamlaða og aðra fatlaða. Ekki eru til sérreglur um hjálparhunda og því ekki hægt að taka þá með sér hvert sem er. Mjög algengt er að fólk beri því við að það sé með ofnæmi fyrir hundum, en ekki virðist það vera vandamál hjá nágrannaþjóðum okkar. Til dæmis mega lögregluhundar vera alls staðar án þess að fólk tali um ofnæmi, sem bendir til þess að það sé gert of mikið úr því. Hundum hefur fjölgað mikið á Reykjavíkursvæðinu og virðist umburðarlyndi aukast í samræmi við það.



*Hjálparhundar eru algengir víða erlendis. Hérlendis virðist því miður mikil vanþekking ríkja í garð slíkra hunda.*

Hundanefnd Sjálfsbjargar mun ekki aðeins beita sér fyrir því að hjálparhundar verði viðurkenndir sem hjálpartæki og að Tryggingastofnun ríkisins niðurgreiði kostnað vegna hjálparhunda, eins og áður er nefnt, heldur einnig leitast við að breyta viðhorfi fólks gagnvart hundum að störfum.

Það lítur út fyrir að viðhorfsbreyting hafi átt sér stað hér á landi á síðustu misserum. Sem dæmi um það má nefna að Haraldur sem nýtir sér ferðaþjónustu fatlaðra fékk í fyrstu ekki að fara með Tinna með sér í bílana. Málið var tekið fyrir hjá ferðaþjónustunni og í kjölfarið var ákveðið að veita undanþágu. Er það í fyrsta skipti sem slík undanþága er veitt. Eitt leiðir af öðru og mun hundanefnd Sjálfsbjargar ekki aðeins beita sér fyrir því að hjálparhundar verði viðurkenndir sem hjálpartæki og að Tryggingastofnun ríkisins niðurgreiði kostnað vegna hjálparhunda, eins og áður er nefnt, heldur einnig leitast við að breyta viðhorfi fólks gagnvart hundum að störfum. Síðast en ekki síst er vert að minna á að „besti vinur mannsins“ er mikilvægur möguleiki fyrir þá sem þarfnast félagsskapar.

Þeim, sem vilja fá nánari upplýsingar um þjálfun hjálparhunda, er bent á að hafa samband við Auði Björnsdóttur í síma: 862 8671 eða droni@simnet.is

Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu Sjálfsbjargar, lsf. í síma: 550-0300.

*Arndís Guðmundsdóttir,*
*kynningar- og félagsmálafulltrúi*
*Sjálfsbjargar lsf.*

HUGUR

KB LÍF

Húsanes
HN




Bílastæði fyrir fatlaða:

# Enn mikið um að stæðin séu misnotuð

Í ársbyrjun 2005 var gert átak í bílastæðamálum hreyfihamlaðra í Reykjavík sem ætlað var að sporna gegn því að bílastæði sem sérmerkt eru fötluðum væru misnotuð. Skiptar skoðanir eru um hverju átakið hefur skilað. Sumir segja ástandið hafa batnað á meðan aðrir segja að lítið sem ekkert hafi breyst. Stæðin séu enn mikið misnotuð.

Stutt er síðan að frétt birtist þess efnis að sjálfur forstjóri FL Group; Hannes Smárason, hefði lagt í sérmerkt stæði fyrir fatlaða á lóð fyrirtækisins. Hann var að flýta sér á mikilvægan fund og fannst þetta víst í lagi. Þá er ekki langt síðan fyrrverandi formaður Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu, Þórir Karl Jónasson, lenti í þeim hremmingum að vera laminn af ungum manni sem lagði í stæði fyrir fatlaða, eftir að Þórir Karl benti honum á að hann mætti ekki leggja í viðkomandi stæði. Víða erlendis myndi fólki aldrei detta í hug að leggja í stæði fyrir fatlaða. Þar nema sektirnar háum upphæðum og brotið er litið mjög alvarlegum augum. Annað virðist því miður vera uppi á teningnum hér á landi.

Blaðamaður Klifurs hafði samband við Stefán Haraldsson, framkvæmdastjóra Bílastæðasjóðs Reykjavíkur, til að fræðast betur um málið. „Það er rétt að margir misnota enn þessi stæði, því miður. Fólk er fyllilega meðvitað um að þetta sé ólöglegt, en gerir þetta samt. Sektin við því að leggja í sérmerkt stæði fyrir fatlaða er 2.500 krónur. Stöðuverðir hafa eftirlit með því að bílastæði fyrir fatlaða séu virt. Við erum með tíu gangandi stöðuverði í miðborg Reykjavíkur og fjóra sem aka um restina af höfuðborgarsvæðinu. Sumir telja að brotum myndi fækka ef sektin yrði hækkuð, en ég er ekki svo viss um það. Það þarf annað og meira en hærri sekt og aukið eftirlit til að koma í veg fyrir þessi brot. Viðhorf fólks þarf að breytast. Það er í raun óþolandi að fólk skuli ekki virða rétt fatlaðra til að leggja í þessi stæði.“

> „Það þarf annað og meira en hærri sekt og aukið eftirlit til að koma í veg fyrir þessi brot. Viðhorf fólks þarf að breytast.“

Stefán segir ekki mikið um það að fólk hringi og kvarti þegar það verður vitni að því að verið sé að leggja ólöglega í stæðin. „Ég vil nota tækifærið og ítreka að það er einnig bannað að stöðva ökutæki í viðkomandi stæðum, þ.e.a.s. að það er ekki eingöngu sekt við því að leggja í þessi stæði heldur einnig að stöðva bíl þar. Sumir ætla sér rétt að skjótast og skilja því bílinn þar eftir í gangi, en það er stranglega bannað.“

Að sögn Stefáns ber lóðarhöfum skylda til að sérmerkja ákveðinn fjölda bílastæða fyrir hreyfihamlaða. Í kjölfar átaksins hafi eftirlit með því verið hert og úrbætur verið gerðar, t.d. hjá stórum aðilum eins og Kringlunni og Háskóla Íslands.

Samkvæmt tölum frá Bílastæðasjóði voru alls 861 bílstjóri sektaður árið 2004 fyrir að leggja í bílastæði hreyfihamlaðra án heimildar. Árið 2005 voru brotin hins vegar 974 talsins.

*-kmh.*

# 33. þing Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, heldur 33. þing sitt dagana 19.-21. maí næstkomandi í félagsheimili Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu að Hátúni 12 í Reykjavík. Hér á eftir má lesa ýmis atriði sem snerta aðildarfélög sambandsins og undirbúning þeirra fyrir þingið.

1. Þing Sjálfsbjargar skulu skipuð fulltrúum aðildarfélaganna, sem kosnir eru á lögmætum félagsfundi. Hvert félag hefur rétt til að kjósa 1 fulltrúa fyrir hverja 40 fatlaða félaga og brot úr 40. Þó eiga félög, sem í eru 40 fatlaðir félagar eða færri, rétt til að kjósa 2 fulltrúa á þing. Kosning fulltrúa fari fram eftir félagatali þann 1. janúar það ár, sem þing er haldið.

Í félagatali einstakra aðildarfélaga skal auðkenna sérstaklega alla fatlaða félaga.

Einstök landssamtök sem gerast aðilar að Sjálfsbjörg, kjósa 2 fulltrúa á þingið samkvæmt VII. kafla laganna.

2. Kosning fulltrúa og varafulltrúa á þing Sjálfsbjargar skal fara fram á félagsfundi, og skal fundurinn vera boðaður með a.m.k. þriggja sólarhringa fyrirvara og kosninganna getið í fundarboði. Kosning fulltrúa á þing Sjálfsbjargar skal tilkynnt framkvæmdastjórn eigi síðar en 6 vikum fyrir þing (í ár er það föstudagurinn 7. apríl). Kjörnir þingfulltrúar skulu framvísa kjörbréfi undirrituðu af formanni og ritara aðildarfélagsins, þegar þeir koma til þings.

3. Þegar þetta er ritað í febrúar 2006 er starfandi kjörnefnd, sem hefur haft samband við alla sem voru í þingkjörnum stjórnum og nefndum á síðasta kjörtímabili og innt þá eftir því hvort þeir bjóði sig fram til endurkjörs. Kjörnefnd skal tryggja að minnsta kosti einn frambjóðanda í hvert embætti.

Kjörnefnd skal á starfstíma sínum veita hvaða Sjálfsbjargarfélaga sem er upplýsingar um hverjir eru komnir í framboð á þeim degi.

4. Í febrúar ár hvert skal Kjörnefnd senda frá sér framboðslista, stöðulista, yfir þá sem eru komnir í framboð og senda framkvæmdastjórn, aðildarfélögum Sjálfsbjargar og frambjóðendum.

5. Endanlegur framboðslisti frá kjörnefnd skal liggja fyrir og sendur framkvæmdastjórn, aðildarfélögum Sjálfsbjargar og frambjóðendum eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir þing (í ár er það sunnudagur 19. mars).

Aðildarfélög og/eða einstakir félagar samtakanna geta komið fram með mótframboð við tillögu kjörnefndar og skulu þær hafa borist framkvæmdastjórn og aðildarfélögum mánuði fyrir þing (miðvikudagur 19. apríl).

6. Mál þau og tillögur, er félögin óska að verði tekin fyrir á þingi, skal senda framkvæmdastjórn og aðildarfélögum eigi síðar en mánuði fyrir þing (fyrir 19. apríl) nema tillögur er varða fjárhags- og skipulagsbreytingar, sem senda skal út tveimur mánuðum fyrir þing (fyrir 19. mars).

Þeir sem vilja fá nánari upplýsingar um þingið er bent á að hafa samband við Sigurð Einarsson á skrifstofu Sjálfsbjargar, lsf. í síma 550-0300.

BP Merking

VÍS

vistor

# Málefni fatlaðra og sveitarstjórnarkosningar

- Grein eftir Ragnar Gunnar Þórhallsson, formann Sjálfsbjargar, landssambandsins.



*Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.*

Sveitarstjórnarkosningarnar í maí n.k. nálgast. Stjórnmálaflokkar og frambjóðendur í hinum mörgu sveitarfélögum á landinu keppast við að lýsa yfir áherslum sínum og loforðum. Þegar á heildina er litið virðast málefni fatlaðra íbúa sveitarfélaga vera lítið til umfjöllunar og aftarlega í forgangsröðinni. Hér þurfa að koma til algjör umskipti.

Flest málefni fatlaðra eiga sér fyrirmæli og stoð í gildandi lögum og reyndar í stjórnarskránni. Má þar nefna ýmis grunnréttindi og þjónustu, sem fatlaðir þurfa á að halda til að geta tekið þátt og verið virkir í samfélaginu. Fatlaðir hafa sínar skattskyldur eins og aðrir íbúar sveitarfélaga, en þegar kemur að skyldum sveitarfélaganna við fatlaða eru þær oft settar aftast í verkefnalistana á eftir ýmsum gæluverkefnum; verkefnum sem sveitarfélögum ber ekki jafn skýlaust að sinna.

Hvað er til ráða? Í fyrsta lagi ætti hvert einasta sveitarfélag að marka sér skýra stefnu varðandi málefni fatlaðra í sínu umdæmi. Stefnu og markmið sem byggjast á því að allir íbúar sveitarfélagsins geti komist um og notið þjónustu á vegum sveitarfélagsins. Og það þarf að ganga lengra. Stefnan ætti einnig að taka til þeirra þátta sem snúa að einstaklingum og fyrirtækjum í sveitarfélaginu. T.d. þegar ný íbúðahverfi rísa getur sveitarfélagið með kröfum og skilmálum haft áhrif á gerð bygginga og annarra mannvirkja í því skyni að um aðgengi fyrir alla sé að ræða.

Í öðru lagi ætti sveitarfélagið einnig að gera framkvæmdaáætlun til langs tíma um það hvernig stefnu og markmiðum varðandi málefni fatlaðra verði náð. Hér skiptir meginmáli að setja þessi málefni miklu framar í forgangsröð verkefna sveitarfélagsins. Við erum að tala um grundvallar mannréttindi íbúa sveitarfélagsins.

Í þriðja lagi er orðið afar brýnt að ríki og sveitarfélög komist að niðurstöðu um verkefnaskiptingu og hlutverk aðila varðandi málefni fatlaðra.

Núverandi staða mála er þröskuldur í framþróun málefna fatlaðra íbúa sveitarfélaga. Það verður að tryggja sveitarfélögum tekjur í þessu sambandi og það sem er afar mikilvægt; að fatlaðir þurfi ekki að velja sér búsetu á landinu eftir þjónustu og aðstæðum, sem í dag er afar mismunandi eftir sveitarfélögum, t.d. varðandi aðgengis- og ferlimál og heimaþjónustumál.

Ég skora á félagsmenn Sjálfsbjargar að taka þátt í stjórnmálastarfi í sínu sveitarfélagi og hafa áhrif á stefnumál stjórnmálaflokkanna á sínum stað.



*„Þegar á heildina er litið virðast málefni fatlaðra íbúa sveitarfélaga vera lítið til umfjöllunar og aftarlega í forgangsröðinni," segir Ragnar Gunnar m.a. í grein sinni. Mynd/kmh.*

„Fatlaðir hafa sínar skattskyldur eins og aðrir íbúar sveitarfélaga, en þegar kemur að skyldum sveitarfélaganna við fatlaða eru þær oft settar aftast í verkefnalistana á eftir ýmsum gæluverkefnum; verkefnum sem sveitarfélögum ber ekki jafn skýlaust að sinna."

# Þökkum eftirtöldum fyrirtækjum veittan stuðning

**Reykjavík**

A. Wendel ehf, Sóltúni 1
ABC-Barnahjálp, Sóltúni 3
Aðalblikk ehf, Vagnhöfða 19
Aðalmálun sf, Skólavörðustíg 10
Aðalvík ehf, Seiðakvísl 15
Akron ehf, Síðumúla 31
Albert Aðalsteinsson,
Gaukshólum 2
Allt fínt ehf, Hrísateigi 45
Almennur lífeyrissjóðurinn, Kirkjusandi 2
Andrés, fataverslun, Skólavörðustíg 22a
Antik-bólstrun, Langholtsvegi 128
Arctic rafting, Andrésbrunni 13
Arkitektastofa Finns og Hilmars sf,
Bergstaðastræti 10
Arkitektastofa Grétars og Stefáns, Eyjarslóð 9
Arkitektastofan ehf, Sóltúni 1,
Augnlæknastofa Hörpu Hauksdóttur,
Hverfisgötu 76
Austurbæjarskóli, Við Vitastíg
Áltak ehf, Stórhöfða 33
Árbæjarbakarí ehf, Hraunbæ 119
Árni Reynisson ehf, Túngötu 5
Backman & Björgvinsson, Lágmúla 7
Bako - Ísberg, Lynghálsi 7
Barnaverndarstofa, Borgartúni 21
Bátar og búnaður ehf, Barónsstíg 5
Betra líf ehf, Kringlunni 8
Betri bílar hf, bílaverkstæði, Skeifunni 5c
Bifreiðabyggingar sf, Tangarhöfða 5
Bílaleigan Hertz, Reykjavíkurflugvelli
Bílamálun Halldórs Þ Nikulássonar,
Funahöfða 3
Bílasala Íslands ehf, Skógarhlíð 10
Bílasalan Höfðahöllin ehf, Vagnhöfða 9
Bílasprautun SMS ehf, Hamarshöfða 9
Bílastillingar Björns Steffensen,
Hamarshöfða 6
Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
Björgun ehf, Sævarhöfða 33
Björgvin Þorsteinsson hrl, Tjarnargötu 4
Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23
Blikksmiðja Reykjavíkur, Súðarvogi 7
Blómagallerí ehf, Hagamel 67
Borgarbílastöðin ehf, Hafnarstræti 21
Bókhaldsþjónustan Viðvik ehf, Skeifunni 4
Bólstrunin í Miðstræti 5, Miðstræti 5
Brauðhúsið ehf, Efstalandi 26
Breiðholtskirkja, Þangbakka 5
Bræðurnir Ormsson ehf, Lágmúla 8
BT-sögun ehf, Tangarhöfða 6
BV Rammastudíó ehf, Ármúla 20
Bæir ehf, Jónsgeisla 15
Columbus Classis ehf, Laugavegi 7
Dalbær sf, Hlaðbæ 3
DHL Á ÍSLANDI, Sundabakka 2
DS lausnir ehf, Súðavogi 7
Dún- og fiður ehf, Laugavegi 87
Dynjandi ehf, Skeifunni 3h
E.T. ehf, Klettagörðum 11
Effect hársnyrtistofa, Bergstaðastræti 10a
Efnalaug Árbæjar ehf, Hraunbæ 102
Einar V. Tryggvason, Suðurlandsbraut 8
Einrúm ehf, Glaðheimum 20
Ekran ehf, Vatnagörðum 22
Emot ehf, Flókagötu 14
Endurskoðendaþjónustan ehf, Skipholti 50d
F&F Kort ehf, Suðurlandsbraut 10, 2. hæð
Fagmálun -Litaval sf, Njálsgötu 2
Fasteignamarkaðurinn ehf, Óðinsgötu 4
Fasteignamiðlunin Múli ehf, Síðumúla 11
Fasteignasalan Garður ehf, Skipholti 5
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Feró ehf, Steinaseli 6
Ferskar kjötvörur hf, Síðumúla 34
Félag bókagerðamanna, Hverfisgötu 21
Félag íslenskra bifreiðaeigenda, Borgartúni 33
Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
Fiskbúðin Hafrún ehf, Skipholti 70
Fjarhitun hf, Suðurlandsbraut 4
Fjármálaeftirlitið, Suðurlandsbraut 32
Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 14
Formprent, Hverfisgötu 78
Framsóknarflokkurinn, Hverfisgötu 33
Frumkönnun ehf, Hæðargarði 14
Fröken Júlía ehf, Mjódd
Fullorðinsfræðsla fatlaðra, Borgartúni 22
Fulltingi ehf, Suðurlandsbraut 18
Færeyska sjómannaheimilið, Brautarholti 29
G Hannesson ehf, Borgartúni 23
G. Gunnarsson ehf, Miðtúni 72
G.S.varahlutir ehf, Bíldshöfða 14
Gallabuxnabúðin Kringlunni, Kringlunni 4-12
GÁB ehf, Faxafeni 11
Geislatækni ehf Laser-þjónustan, Krókhálsi 5b
Gissur og Pálmi ehf, byggingaverktaki,
Álfabakka 14a
Gistihúsið Ísafold ehf, Bárugötu 11
Gítarskóli Ólafs Gauks, Síðumúla 17
Gjögur hf, Kringlunni 7
Gleraugnasalan ehf, Laugavegi 65
Globus hf, Skútuvogi 1f
Glófaxi hf, Ármúli 42
Gluggahreinsun Loga, Funafold 4
GP arkitektar ehf, Austurstræti 6
Grafísk hönnun, Klapparstíg 16
Grandakaffi, veitingasala, Grandagarði 101
Grásteinn ehf, Fornhaga 22
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
Gullnáman, Tjarnargötu 4
Gunnar afi SH 474,
Gústaf Þór Tryggvason, Tjarnargötu 10d
Gæðafæði ehf, Bíldshöfða 14
Gæðavín ehf, Bakkastöðum 15
Gæfumunir ehf, Grandavegi 47
Hafgæði sf, Fiskislóð 47
Hafrót Ármúla ehf, Ármúla 5, 4 hæð
Hagaskóli, Fornhaga 1
Happahúsið, Kringlunni 4-12
Harald og Sigurður ehf, Stangarhyl 6
Háfell ehf, Krókhálsi 12
Hár og hamar ehf, Hrísateigi 47
Hárbær, hársnyrtistofa, Laugavegi 168
Hárgreiðslustofa Höllu Magnúsdóttur, Miðleiti 7
Hárgreiðslustofan Stubbalubbar,
Barðastöðum 1-3
HBH Veitingar ehf - Skólabrú, Skólabrú 1
Heildverslunin Glit ehf, Krókhálsi 5
Heilsubrunnurinn ehf, Kirkjuteigi 21
Heimilisprýði, húsgagnaverslun við Hallarmúla,
Hallarmúla 1
Hersir-ráðgjöf og þjónusta ehf, Sigtúni 42
Heyrnartækni ehf, Álfheimum 74
HGK ehf, Laugavegi 13
Hjálparstarf kirkjunnar, Laugavegi 31
Hjálpræðisherinn á Íslandi, Garðastræti 38
Hnit hf, verkfræðistofa, Háaleitisbraut 58-60
Hópferðaþjónusta Reykjavíkur, Brúnastöðum 3
Hraði hf, fatahreinsun, Ægissíðu 115
Hreyfimyndasmiðjan ehf, Garðsenda 21
Hreysti ehf, Skeifunni 19
Hringsjá, starfsþjálfun fatlaðra, Hátúni 10b
Húsafriðunarnefnd ríkisins, Suðurgötu 39
Húsakaup ehf, Suðurlandsbraut 52
Húsaklæðning ehf, Ingólfsstræti 3
Húsasmiðurinn ehf, Hyrjarhöfða 6
Húsun ehf, Hamarshöfða 6
Hvellur - G. Tómasson ehf, Súðarvogi 6
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
Höfði fasteignamiðlun ehf, Suðurlandsbraut 20,
og Bæjarhrauni 22
Hönnun og ráðgjöf Reykjavík ehf, Síðumúla 1
Iðntré ehf, Draghálsi 10
Innform ehf, Brautarholti 8
Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lágmúla 9
Internet á Íslandi hf, ISNIC, Dunhaga 5
ISS Ísland ehf, Ármúla 40
Íselekt ehf, Síðumúla 17
Íslandsbanki hf, Stórhöfða 17
Íslandsbanki hf, útibú 525, Háaleitisbraut 58
Ísleifur Jónsson ehf, Bolholti 4
Íslensk endurskoðun ehf, Bogahlíð 4
Íslensk Orkuvirkjun ehf, Ármúla 5
Íslenskar getraunir, Engjavegi 6
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf, Bíldshöfða 12
Íslux ehf, Fornhaga 22
Ísól ehf, Ármúla 17
Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6
Íþróttasamband fatlaðra, Engjavegi 6
J. S. Gunnarsson hf, Fossaleyni 10
Jazzballettskóli Báru, Lágmúla 9
Jón Ásbjörnsson hf, Geirsgötu 11
Jónar Transport hf, Kjalarvogi 7
Jónshús ehf, byggingaverktakar, Álftamýri 65
Jónsson & Lemacks ehf, Vesturgötu 10A
Kaðlín Kristmannsdóttir, Háaleitisbraut 58-60
Kaþólska kirkjan á Íslandi, Hávallagötu 14-16
Kemis ehf, Breiðhöfða 15



GEÐSJÚKDÓMAR ERU EKKI SMITANDI

Öllum getur liðið illa – sumum mjög illa. Oft getur hjálpað mikið að vera til staðar og hlusta á og hlúa að þeim sem á erfitt.

LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lifið heil

Skýrsla Sjálfsbjargar um heimaþjónustu:

# Þörf á sveigjanlegri þjónustu

Sjálfsbjörg landssambandið kynnti nýlega skýrslu um stefnumótun samtakanna varðandi heimaþjónustu.

Í skýrslunni er m.a. fjallað um tilraunaverkefnið Samþætting á heimaþjónustu í Reykjavík, kosti og galla félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar, hvernig þeir sem þiggja þjónustuna vilja sjá hana í framtíðinni, könnun sem Sjálfsbjörg gerði í samvinnu við Rannsóknarstofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og stefnu og kröfur Sjálfsbjargar.

Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að skoða þurfi ýmsa þætti þjónustunnar betur og laga að þörfum fólks. Fatlaðir kvarta m.a. undan því að kerfið sé gamaldags og meira sniðið að þörfum aldraðra. Líf hreyfihamlaðs fólks hafi breyst mikið frá því sem áður var og taka þurfi tillit til þess. Fólk sé t.d. ekki tilbúið að fara alltaf í háttinn fyrir kl. tíu á kvöldin, eins og staðan er nú. Hreyfihamlaðir vilja semsagt sjá meiri sveigjanleika í kerfinu og að það lagi sig að þörfum þeirra, en ekki öfugt.



Samkvæmt niðurstöðu könnunarinnar eru fleiri þjónustuþegar jákvæðir í garð heimahjúkrunar en félagslegrar heimaþjónustu.

Þeir sem vilja kynna sér betur efni skýrslunnar er bent á heimasíðu Sjálfsbjargar www.sjalfsbjorg.is.

*-kmh.*

## Þökkum eftirtöldum fyrirtækjum veittan stuðning

**Reykjavík**

Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
Kjálkar ehf, Laugavegi 163
Kjörgarður, Laugarvegi 59
Kornelíus ehf, Bankastræti 6
Kólus ehf, Tunguhálsi 5
Kórall sf, Vesturgötu 55
Krabbameinsfélag Íslands, Skógarhlíð 8
Kraftur hf, Vagnhöfða 1
Kramhúsið ehf, Skólavörðustíg 12
Kveikur ehf, Bíldshöfða 18
Lagnadeildin ehf, Reykjahlíð 12
Landbúnaðarráðuneytið, Sölvhólsgötu 7
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
Landslagsarkitekt Mogensen ehf, Víðihlíð 45
Langholtskirkja, Sólheimum 13
Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24
Lausn Hugbúnaður ehf, Jöklafold 41
Láshúsið ehf, Bíldshöfða 16
Leðurverkstæðið Víðimel 35 sf, Víðimel 35
Leiguval ehf, Kleppsmýrarvegi 8
LH - tækni ehf, Mörkinni 6
Lindin, kristið útvarp FM 102,9, Krókhálsi 4
Listasafn Hótel Holt ehf, Bergstaðastræti 37
Litli söðlasmiðurinn, D-Tröð 1
Lífland, Korngörðum 5
Línan ehf, Suðurlandsbraut 22
Ljósabær ehf, Faxafeni 14
Lúmex ehf, Skipholti 37
Lystadún Snæland ehf - Sími 568 5588, Skútuvogi 11
Lögfræðiskrifstofa Arnar Clausen, Barónsstíg 21
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf, Vegmúla 2
Löglist ehf, Ármúla 15
Lögmannsstofa Arnórs Halldórssonar ehf, Skipholti 50c
Lögmannsstofan Forum, Aðalstræti 6
Lögmenn Fortis ehf, Laugavegi 7
Lögreglustjórinn í Reykjavík, Hverfisgötu 115
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Magnús og Steingrímur ehf, Bíldshöfða 12
Malbik og völtun ehf, Hrísrima 33
Matfugl ehf, Völuteigi 2
Matthías ehf, Vesturfold 40



## Þjóðleikhúsið

*Á stigann við austurinngang hússins er nú komin stólalyfta, sem gengur bæði upp á aðalgólf í skála við áhorfendarými og niður í Leikhúskjallarann. Myndir/kmh.*

# Lyfturnar komnar upp og ramparnir á leiðinni

Það hafa svo sannarlega orðið miklar breytingar í Þjóðleikhúsinu hvað varðar aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Búið er að setja upp fjórar lyftur og áætlað að ljúka við að setja upp rampa og hurðaropnara í mars. Það er Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri sem stendur fyrir þessum breytingum. Fljótlega eftir ráðningu hennar lýsti hún því yfir að hún myndi setja þessi mál í forgang. Hún hefur svo sannarlega staðið við sitt. Leitað var samráðs við menntamálaráðuneytið og Framkvæmdasjóð fatlaðra sem veittu fulltingi sitt.

„Það hefur heilmikið verið gert, en framkvæmdum er þó alls ekki lokið,“ segir Sigmundur Örn Arngrímsson, skipulagsstjóri Þjóðleikhússins. „Við eigum eftir að setja upp rampa og hurðaropnara við austurinngang hússins þar sem tekið verður á móti gestum í hjólastólum. Þar er stigi sem gengur bæði upp í forsal áhorfendarýmis og niður í Leikhússkjallarann. Á stigann er nú komin stólalyfta, sem gengur bæði upp á aðalgólf í skála við áhorfendarými og niður í Leikhúskjallarann. Lyfta er komin í skálann svo nú hafa fatlaðir loksins aðgengi að sérbyggðum salernum á annarri hæð og veitingasölu í Kristalssal. Í kjallara hefur verið sett upp pallalyfta í austursal Leikhúskjallarans, svo að fatlaðir gestir komist frá milligólfi og niður í sjálfan Leikhúskjallarann. Þá er komin lyfta í Smíðaverkstæðið, sem er eitt af leiksviðum Þjóðleikhússins, en inngangur þess er að norðanverðu. Lyftan er á stigapallinum og gestir í hjólastólum geta nú komist niður í forsal. Áætlað er að setja upp ramp að inngangi Smíðaverkstæðisins og bakdyrum starfsfólks.“



*Í kjallara hefur verið sett upp pallalyfta í austursal Leikhússkjallarans, svo að fatlaðir gestir komist frá milligólfi og niður í Leikhúskjallarann.*

Að sögn Sigmundar Arnars verður aðgengi fatlaðra einnig bætt við Lindargötu 7, gamla Íþróttahús Jóns Þorsteinssonar. „Þar hefur Litla sviðið verið til húsa en nú hefur ver-



Lyftan í Smíðaverkstæðinu er á stigapallinum og gestir í hjólastólum geta nú komist niður í forsal.



*Áætlað er að setja upp rampa og hurðaropnara við austurinngang hússins þar sem tekið verður á móti gestum í hjólastólum.*



*Komin er lyfta í skálann svo nú hafa fatlaðir loksins aðgengi að sérbyggðum salernum á annarri hæð og veitingasölu í Kristalssal.*

ið innréttað nýtt leiksvið á fyrstu hæðinni, sem nefnist Kassinn. Einnig verður gestasvæðið á fyrstu hæð lagfært í áföngum, sett upp sérbyggð salerni og fleira.“

Sigmundur Örn segir framkvæmdir hafa gengið vel þrátt fyrir ýmsar tafir. „Við erum á fljúgandi siglingu þessa dagana og vonumst til að geta kynnt þessar breytingar fyrir leikhúsgestum sem allra fyrst.“

Þess má geta að Ný-ung, ungliðahreyfing Sjálfsbjargar, veitti Þjóðleikhúsinu svokölluð Hvatningarverðlaun á alþjóðdegi fatlaðra 3. des s.l. fyrir viðleitni til að bæta aðgengi fatlaðra að leikhúsinu.

*-kmh.*


## Þökkum eftirtöldum fyrirtækjum veittan stuðning

**Reykjavík**

Málmsteypa Ámunda Sigurðssonar, Skipholti 23
Menntaskólinn í Reykjavík, Lækjargötu 7
Merking ehf, Viðarhöfða 4
Meyjarnar, Háaleitisbraut 68
Móa ehf, Hverfisgötu 103
Múrarameistarafélag Reykjavíkur, Skipholti 70
Múrgæði ehf, Funahöfða 17a
Neytendasamtökin, Síðumúla 13
NM ehf, Brautarholti 10
Nonnabiti, Hafnarstræti 11
Nýi ökuskólinn ehf, Klettagörðum 11
Nýja teiknistofan ehf, Síðumúla 20
Oddgeir Gylfason, tannlæknir, Síðumúla 28
Orkuvirki ehf, Tunguhálsi 3
Ottó B. Arnar ehf, Skipholt 17
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
Óson - Sport ehf, Lágmúla 5
Parlogis hf - Lyfjadreifing ehf, Krókhálsi 14
Pjaxi ehf, Suðurlandsbraut 6
Plúsmarkaðurinn, Hátúni 18b
Port-verslunarfélag ehf, Stórhöfða 15
Prenthúsið sf, prentsmiðja, Skúlatúni 6
Prentmót ehf, Vitastíg 3
Pökkun og flutningar ehf, Smiðshöfða 1
Rafey ehf, Hamrahlíð 33a
Rafmiðlun ehf, Dugguvogi 2
Raf-Ós hf, Kambaseli 21
Rafskoðun, Hólmaslóð 4
Rafsól ehf, Skipholti 33
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
Rafsvið sf, Haukshólum 9
Rafteikning hf, Suðurlandsbraut 4
Raftíðni ehf, Eyjarslóð 3
Raftækniþjónusta Trausta ehf, Síðumúla 1
Rakarastofan Dalbraut ehf, Dalbraut 1
Reiknistofa bankanna, Kalkofnsvegi 1
Rekstrarverktak ehf, Stórholti 1
Rendita ehf, Hagamel 45
Reykjaprent ehf, Síðumúla 14, 2. hæð
Rikki Chan, veitingasala, Kringlunni og Smáratorgi
Rúmfatalagerinn hf, Skeifunni 13
Rögn, heildverslun, Ármúla 17a
S.B.S. innréttingar, trésmiðja, Hyrjarhöfða 3
Samhjálp, Hverfisgötu 42
Samiðn, Borgartúni 30
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, Hús Sjómannaskóla v/ Háteigsveg
Samsýn ehf, Háaleitisbraut 58-60
Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1
Segull ehf, Hólmaslóð 6
Setberg, bókaútgáfa, Freyjugötu 14
SÍBS, Síðumúla 6
Sjá-viðmótsprófanir ehf, Ingólfsstræti 1a
Sjómannadagsráð, Laugarási Hrafnistu
Sjóvélar ehf, Skútuvogi 6
Sjúkravörur, Suðurlandsbraut 52
Sjúkraþjálfun Önnu Katrínar ehf, Hraunteigi 14
Skandinavia leikir ehf, Snælandi 7
Skefjar hf, Laugavegi 182, 4. hæð
SKF Kúlulegusalan hf, Suðurlandsbraut 20
Skolphreinsun Ásgeirs sf, Unufelli 13
Skóverslunin Bossanova, Kringlan 8-12
Skóverslunin Iljaskinn ehf, Háaleitisbraut 58-60
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
Smárinn ehf, Bíldshöfða 14
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
Snyrtisetrið ehf, húðfegrunarstofa, Domus Medica Egilsgötu 3

# Þökkum eftirtöldum fyrirtækjum veittan stuðning

## Reykjavík

SORPA, Gufunesi
Spírall prentþjónusta ehf, Köllunarklettsvegi 1
SR múr ehf, Hverafold 25
Stanislas Bohic garðhönnun, Súðarvogi 6
Stansverk ehf, Hamarshöfða 7
Staukur ehf, Skipholti 56
Straumur ehf,umboðs- og heildverslun, Höfðabakka 9
Stýring ehf, Háteigsvegi 7
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
Sæþór ehf, Smiðshöfða 21
Sökkull ehf, Funahöfða 9
T.G.M. ráðgjöf, Sætúni 8
Talnakönnun hf, Borgartúni 23
Tandur hf, Hesthálsi 12
Tannlæknastofa Ástu B Thoroddsen,
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar, Síðumúla 25
Tannlæknastofa Eiríks Björnssonar, Þangbakka 8
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur, Laugavegi 163
Tannlæknastofa Guðrúnar Ólafsdóttur, Snorrabraut 29
Tannlæknastofa Jóns Viðars, Skólavörðustíg 14
Tannlæknastofa Ketils Högnasonar, Snorrabraut 29
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar, Þangbakka 8
Tannsmíðaverkstæðið ehf, Síðumúla 29
TARK - Teiknistofan ehf, Brautarholti 6
Teiknistofan Óðinstorgi sf, Óðinsgötu 7
Terra Export ehf, Ljósuvík 38
Trésmiðjan Jari ehf, Funahöfða 3
Tróbeco ehf, Laugavegi 71
Tryggingamiðlun Íslands ehf, Síðumúla 21
Tryggingastofnun ríkisins, Laugavegi 114
Túrbó ehf, Lynghálsi 12
Tölvar ehf, Síðumúla 1
Umslag ehf, Lágmúla 5 (bakhús)
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf, Vesturhlíð 2
Útherji ehf, Ármúla 36
Útkall ehf, Vesturhlíð 7
Varahlutaverslunin Kistufell ehf, Brautarholti 16
Vatnsmiðlun ehf, Ljárskógum 20
VBS fjárfestingabanki hf, Suðurlandsbraut 18
Veitingahúsið Við Tjörnina, Templarasundi ehf
Verðbréfaskráning Íslands hf, Laugavegi 182
Verðlistinn, Lauganesvegi 74a
Verkalýðsráð Sjálfstæðisflokks, Háaleitisbraut 1
Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf, Laugavegi 178
Verkfræðistofan Fjölhönnun, Stórhöfða 27
Verkfræðistofan VIK ehf, Laugavegi 164, 2 hæð hægri
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, Kringlunni 7
Vesturborg ehf, Ásvallagötu 19
Vélar og skip ehf, Hólmaslóð 4
Vélaver hf, Lágmúla 7
Vélaverk ehf, Ármúla 17
Við og Við sf, Gylfaflöt 3
Vilberg kranaleiga ehf, Fannafold 139
Vinnumálastofnun, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Víking ehf, Vagnhöfða 17
Víkurvagnar ehf, Dvergshöfða 27
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Vörður Íslandstrygging, Sætún 8
XL verktakar ehf, Faxafeni 12
Yogastöðin Heilsubót, Síðumúla 15
Þ.G. verktakar ehf, Fossaleyni 16
Þingvallaleið ehf, Skógarhlíð 10
Þórtak ehf, Brúnastöðum 73
Þrif og þvottur ehf, Reykjavíkurvegi 48
Þrír Grænir Ostar ehf, Skólavörðustíg 8
Þroskahjálp, landssamtök, Háaleitisbraut 13
Ögurvík hf, Týsgötu 1
Öryggismiðstöð Íslands hf, Borgartúni 31

## Seltjarnarnes

Ljósmyndastúdíó Péturs Péturssonar, Austurströnd 8
Prentsmiðjan Nes ehf, Hrólfsskálavör 14
Pylsusalan ehf, Bollagörðum 11
S.Gunnarsson ehf, Melabraut 22
Seltjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2
Önn ehf, verkfræðistofa, Eiðistorgi 15

## Vogar

V.P.vélaverkstæði ehf, Iðndal 6

## Kópavogur

ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
Anna sf, prjónastofa, Kársnesbraut 51a
B T S Byggingar ehf, Smiðjuvegi 4
Baltik ehf, Smiðjuvegi 14
Barki ehf, Nýbýlavegi 22
Betri stundir - Lionssalurinn Lundur, Auðbrekku 25
Bifreiðastillingin ehf, Smiðjuvegi 40d
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf, Smiðjuvegi 22
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf, Skemmuvegi 16
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf, Skemmuvegi 34
Bílaleiga J & S, Lækjasmára 6
Bílaþvottastöðin Löður ehf, Bæjarlind 2
Bíljöfur ehf, Smiðjuvegi 34
Bílvogur ehf, Auðbrekku 17
Blikkform ehf, Smiðjuvegi 52
Blikksmiðja Einars ehf, Smiðjuvegi 4b
Blikksmiðjan Vík ehf, Skemmuvegi 42
Blindrabókasafn Íslands, Digranesvegi 5
Bókun sf endurskoðun, Hamraborg 1
Brostu tannlæknastofa Páls, Hamraborg 5
Debenhams á Íslandi ehf, Hagasmára 1
DK Hugbúnaður ehf, Hlíðasmára 17
EÞM ehf, Víðihvammi 9
Ferðaþjónusta Þ.I.Þ. ehf, Álfaheiði 22
Félagsþjónusta Kópavogs, Fannborg 4
Fjölvirki ehf, Digranesvegi 32
Framrás, ástandsgreining ehf, Akralind 2
Gólfþjónusta Íslands ehf, Dalvegi 24
Gæðaflutningar ehf, Hvannhólma 12
Hafrós ehf, Hagasmára 1
Hagblikk ehf, Smiðjuvegi 4c
Heildverslunin Mót ehf, Bæjarlind 2
Hellur og garðar ehf, Kjarrhólma 34
Hexa ehf, Smiðjuvegi 10
Hilmar Bjarnason ehf,rafverktak, Daltúni 1
Hugbúnaður hf, Engihjalla 8
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
Ísnes ehf, Reykjavík, Hamraborg 5
Járnsmiðja Óðins ehf, Smiðjuvegi 4b
Jón Eldon múrari,
KB Ráðgjöf, Hlíðasmára 17
Klippt og skorið hársnyrtistofa, Hamraborg 10
Kon-Traust ehf, Kársnesbraut 37
Kópavogsbær, Fannborg 2
Kraftvélar ehf, Dalvegi 6-8
Kynnisferðir ehf, Vesturvör 6
Ljósvakinn ehf, Vesturvör 30b
Lögmannsstofa SS ehf, Hamraborg 10
Markholt ehf, Hásölum 13
Málning ehf, Dalvegi 18
Mentis hf, Hlíðasmára 19
Nýblóm ehf, Nýbýlavegi 14
Pílutjöld ehf, Smiðjuvegi 4a
Rafax ehf, Fífuhjalla 1
Rafvörur ehf, Dalvegi 16c
S. M. verktakar sf, húsasmíði, Skemmuvegi 12
S.Guðjónsson ehf, Auðbrekku 9-11
Sérverk ehf, Akralind 6
Slökkvitækjaþjónustan Prófun ehf, Bakkabraut 16
Smáraskóli, Dalsmára 1
Smurstöðin Stórahjalla ehf, Stórahjalla 2
Sólning Kópavogi hf, Smiðjuvegi 68-70
Sportnet ehf, Funalind 2
Stálbær ehf, Smiðjuvegi 9a
Stáliðjan ehf, Smiðjuvegi 5
Strókur ehf, Dimmuhvarfi 27
Söluturninn Smári, Dalvegi 16c
Tengi ehf, Smiðjuvegi 76
Timbur og stál ehf, Smiðjuvegi 11
Tónlistarskóli Kópavogs, Hamraborg 6
Tréfag ehf, Ísalind 4
Téstoð ehf, Fjallalind 79
Ungmennafélagið Breiðablik, Dalsmára 5
Uppdæling ehf, Bakkabraut 2
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar, Nýbýlavegi 32
Verkfræðistofa Erlends Birgissonar ehf, Bæjalind 4
Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf, Hamraborg 11

Starfsgreinasamband Íslands

DAGUR group

SAMSKIP

# Ekki fædd í gær!



Hjá okkur getur þú treyst á áratuga reynslu og þekkingu í fasteignaviðskiptum.

Ábyrg þjónusta ▲ örugg viðskipti

EIGNAMIÐLUN
Síðumúla 21 ▲ sími 588 90 90 ▲ www.eignamidlun.is

# Lyftu þér upp

- Lyftibúnaður sem auðveldar þér að standa upp
- Einfaldar stillingar
- Falleg hönnun
- Fjölbreytt úrval



## Við leggjum þér lið

**Úrval af rafskutlum og hægindastólum með rafknúinni lyftu**



- Snúningssæti
- Mismunandi hraðastillingar
- Nota má jafnt innan- sem utandyra
- Einfaldar og öruggar



**Komdu og prófaðu – möguleikarnir munu koma þér skemmtilega á óvart.**

**Persónuleg þjónusta og fagleg ráðgjöf**
**Opið 9-18 alla virka daga.**

Eirberg

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • sími 569 3100 • eirberg@eirberg.is • **www.eirberg.is**

# Aðgengi fyrir alla
## innan Ferðaþjónustu bænda

Eftir útskrift af Umhverfisskipulagsbraut Landbúnaðarháskóla Íslands vorið 2005, lagði undirrituð fram hugmynd að verkefni fyrir Ferðaþjónustu bænda (FB). Verkefnið tengdist aðgengi fatlaðra að ferðaþjónustubæjum.



*Heydalur í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp.*

Hugmyndin féll í góðan jarðveg og hófst undirbúningur að framkvæmd verkefnisins í ágústmánuði í samvinnu við gæðastjóra Ferðaþjónustu bænda, Berglindi Viktorsdóttur. Sameiginlega var unnið að mótun verkefnisins, útbúinn úttektarlisti, leitað var eftir styrktaraðilum og einnig var sent kynningarbréf til bænda ásamt áætlun um úttektardaga. Þeir sem styrktu verkefnið voru: Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Samgönguráðuneytið, Félagsmálaráðuneytið, Umhverfisráðuneytið og Félag ferðaþjónustu bænda.

**Markmið verkefnisins var:**

I. að auka við gæði Ferðaþjónustu bænda sem miðar að bættu aðgengi fyrir alla.
II. að kortleggja aðstöðu fyrir fatlaða á meðal félaga í Ferðaþjónustu bænda til að gefa öllum hagsmunaðilum gleggri mynd af stöðunni í dag.
III. að veita ferðaþjónustubændum ráðgjöf um það hvað má betur fara varðandi aðgengi fyrir alla og jafnframt að hvetja þá til að gera úrbætur.

Ferðaþjónustubæir innan FB eru nærri 150 talsins, þar af voru 11 bæir skráðir aðgengilegir í kynningarbæklingi félagsins 2005.

**Hringferð**

Farið var af stað þann 19. ágúst í blíðskaparveðri frá Hvanneyri í gegnum Dalina og áleiðis vestur á firði. Eftir skin og skúrir, snjókomu og slyddu á sumardekkjum lauk hringferðinni um landið þann 4. október. Þá var búið að keyra um 8500 km leið og heimsækja 150 bæi. Á 29 úttektardögum var farið að jafnaði á 5 bæi á hverjum degi! Hvarvetna var vel tekið á móti undirritaðri og mikill áhugi fólks á verkefninu.
Eftir hringferðina var farið í að vinna úr gögnunum sem búið var að safna.

**Niðurstaða**

Aðstaða fyrir fatlaða var misjöfn á bæjunum. Hér verður gerð grein fyrir því helsta.

> Með þessari úttekt fjölgaði þeim bæjum sem eru aðgengilegir öllum úr 11 í 26.

Í mörgum tilfellum var aðkoman að ferðaþjónustubæjunum ekki nógu góð; misháar tröppur án handriða, óslétt undirlag, engar skábrautir, háir þröskuldar og misbreiðar útihurðir. Með einföldum hætti var víða hægt að bæta úr þessum þáttum, en fólk hafði í mörgum tilfellum ekki áttað sig á þessum hindrunum og hversu auðvelt var oft og tíðum að bæta úr með einföldum og kostnaðarlitlum hætti.

Þegar inn var komið voru helstu hnökrarnir eftirfarandi: Hurðir ekki nógu breiðar (<80 cm), tröppur, baðherbergin óaðgengileg (hjólastólarými takmarkað, engar arm-

Með einföldum hætti var víða hægt að bæta úr þessum þáttum, en fólk hafði í mörgum tilfellum ekki áttað sig á þessum hindrunum og hversu auðvelt var oft og tíðum að bæta úr með einföldum og kostnaðarlitlum hætti.

stoðir, lág salerni og óaðgengilegur sturtuklefi með háum botni).

Það jákvæða var að í flestum tilfellum var borðastofan/matsalurinn og herbergin aðgengileg, þ.e. rúmt gólfrými.

Eftir úttektina var unnin greinargerð um aðgengi fyrir hvern bæ sem rekstraraðilarnir fengu í desember; stöðumat og ábendingar um úrbætur. Lítill bæklingur fylgdi einnig um helstu staðla er varðar aðgengi fatlaðra að húsnæði, sem unninn var upp úr bókinni Aðgengi fyrir alla, - handbók um umhverfi og byggingar. Ákveðið var að flokka aðstöðuna í þrennt, til að betur mætti sjá hver staðan er á hverjum og einum bæ:

1. Flokkur: Ekki aðgengilegur fötluðum.
2. Flokkur: Aðgengilegur fötluðum með aðstoðarmanni.
3. Flokkur: Aðgengilegur fötluðum.

Sá flokkur sem er sýnilegur á vef Ferðaþjónustu bænda er flokkur 3 sem er einkenndur með hjólastólamerkinu. Flokkur 2 er einungis ætlaður til upplýsinga fyrir ferðaþjónustubændur, þannig að þeir sjái möguleika sína í að bæta úr þeim þáttum sem stóðust ekki úttektina.

Bæirnir sem voru áður merktir aðgengilegir fötluðum í bæklingum Ferðaþjónustu bænda stóðust að flestu leyti þær væntingar sem til þeirra voru gerðar. Samkvæmt niðurstöðunum náðu 15 bæir til viðbótar í aðgengilega hópinn og eru þeir




*Bæir innan Ferðaþjónustu bænda sem eru aðgengilegir fötluðum (inn á kortið vantar Skúlagarð í Kelduhverfi).*



*Frá Björk í Eyjafirði.*



*Þórunn Edda Bjarnadóttir, höfundur greinarinnar.*

núna 26 talsins (www.sveit.is). Þá má finna um allt land.

## Lokaorð

Með þessari úttekt fjölgaði þeim bæjum sem eru aðgengilegir öllum úr 11 í 26. Öllum upplýsingum um aðgengilega bæi er að finna á vef Ferðaþjónustu bænda og í árlegum upplýsingabæklingi þeirra „Upp í sveit,“ sem dreift er um allt land. Auk þess var gefinn út bæklingur um þetta verkefni sem sendur hefur verið til Sjálfsbjargar og Öryrkjabandalagsins, til dreifingar. Áætlað er að gera aðra úttekt eftir tvö ár. Það er von aðstandenda verkefnisins að rekstraraðilar innan FB nýti sér þá ráðgjöf sem þeir fengu, þannig að fleiri bætist í hópinn!

*-Þórunn Edda Bjarnadóttir.*

Aðgengilegir bæir
www.sveit.is

RIS EHF

Rafhönnun
Ármúli 42, 108 Reykjavík
Sími: 530 8000, Fax: 588 8302
Netfang: rafhonnun@rafhonnun.is, www.rafhonnun.is
FS 98500
